

## **Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Grunnskóla Þórshafnar mánudaginn 16. desember 2013 kl 16:00.**

**Mættir eru:** Siggeir Stefánsson, Stefán Benjamínsson, Axel Jóhannesson, Kristinn Lárusson, Ingveldur Eiríksdóttir, María Guðmundsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Halldór Njálsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

#### **1. Skýrsla skólastjóra Grunnskóla Bakkafjarðar (GB)**

- María kynnti að síðasti skóladagurinn í GB verði þann 17. desember í stað 18. desember.
- Niðurstaðan úr samræmduprófunum er komin og komu þau ágætlega út og er María þokkalega sátt.
- Kynning hefur farið fram á vinnustofunum og hún gekk vel. Fleiri kynningar eru framundan.
- Búið er að halda skólastjórafund á Raufarhöfn sem María sótti. Í framhaldi af því fór hún á námskeiðið leiðtogar í heimabyggð á Húsavík.
- María stakk upp á því að kynna vinnustofurnar fyrir fræðslunefnd. Tekið vel í þá hugmynd.

#### **2. Skýrsla skólastjóra barnaból.**

- Starfsmenn leikskólans hafa notað starfsdaga og starfsmannafundi í haust í aðalnámskrá. Búið að lesa sig í gengum það og koma því af stað en ljóst að það þarf að setja í þetta meira fjármagn og auka tíma í þetta verkefni.
- Halldóra sótti gott námskeiðið á Húsavík, leiðtogar í heimabyggð.
- Foreldraviðtöl voru í byrjun nóv og þau gengu vel.
- Bókadagur haldinn í nóvember.
- Hulda Karen kom og var að fara yfir málefni tvítyngdra barna og foreldra.
- Grænfánum var flaggað í byrjun desember. Stór stund fyrir leikskólann að ná þessum áfanga. Fræðslunefnd óskar leikskólanum til hamingju með þennan flotta árangur.
- Jólaundirbúningur er í fullum gangi. Litlu jólin á morgun og jólaball seinnipartinn á morgun. Foreldrafélagið verður síðan með jólaföndur á miðvikudaginn.
- Fór á skólastjórafundinn og það var fróðlegt og skemmtilegt.
- Var að fá bréf um að skólapúlsinn er farinn að gera kannanir fyrir leikskóla. Telur gott að leikskólinn verði skráður í það.
- Verið að vinna í áfallaáætlun og eineltisáætlun þegar tími gefst.
- Leikskólinn er að selja fjölnota poka og það gert í tengslum við Grænfána verkefnið.
- 

#### **3. Skýrsla skólastjóra GP**

Ingveldur fór yfir skólastarf haustsins og kynnti það á glærum.

- Mikil aukning í vali og mikil ánægja með það.
- Verkferlar verða smá saman skýrari og verkaskipting ljósari.

- Starfsmannamál hafa gengið nokkuð vel en gerir margt í skólastarfinu flóknara að margir kennarar eru í hlutastarfi.
- Skólastarfið hefur gegnið heilt yfir vel. Ýmsir viðburðir hafa verið í haust og má þar nefna afmæli skólans, dagur íslenskrar tungu, aðventutónleikar tónlistarskólans. Litlujólin eru svo framundan en þau verða haldin á fimmtudaginn í stað föstudags.
- Skólinn byrjar síðan aftur eftir jólafrí þann 2. janúar með starfsdegi og kennsla hefst hjá nemendum 3. janúar.
- Það sem þarf að vinna markvissar í á næstunni.
  - Agavandamál sem eru til staðar og þarf að leysa.
  - Leyfi og mætingar.
  - Námskráargerð – Þróunarverkefni. Vinna að verkefninu gengur hægt þar sem erfitt er að ná fólki saman í þessa vinnu.
  - Áfram verður unnið með ART. Gengur vel í sumum bekkjum en verr í öðrum.
  - Styrkja þarf starfsmenn í starfi. Mikil starfmannavelta í skólanum og það þarf að breytast.
  - Þróun námsversins. Miklivægt að tengja það meira inn í skólastofuna og fjölga nemendum í námsverinu.
- Námsárangur.
 

Ingveldur fór yfir niðurstöður út úr síðustu könnunum.

  - Læsi
  - Stærðfræði
  - Vinnusemi
- Innramat Gþ. Ingveldur fór yfir framkvæmdina á Innra mati skólans. Kominn vísir af sjálfsmatsteymi sem mun taka til starfa eftir áramót.
- Raungreinar og verklegt nám
 

Verið að skoða hvað til er og hvað þarf að kaupa inn í. Þarfagreining í gangi. Verið að móta markmið í þessum efnunum.
- Samstarf og samskipta skóla í LNB
 

Samstarfið er alltaf að aukast og gengur vel. Unglingarnir á BF eru að koma í íþróttir með unglingunum á Þórshöfn eftir áramót. Skólastjórar funda á miðvikudögum.
- Heimilisfræðikennsla
 

Hún gengur illa af mörgum ástæðum. Aðstaðan er ekki nógu góð og verður að bæta.
- Samskipti skóla og samfélags
 

Ingveldur dreifði drögum að bæklingi um það hvernig verður þú gott skólaforeldri. Ætlunin að afhenda þennan bækling á kynningarkvöldi þegar hann verður tilbúinn.
- Ný heimasíða Gþ.
 

Ingveldur kynnti nýja heimasíðu skólans. Hún er ennþá í smíðum en lofar góðu.

#### **4. Nýbygging leikskóla.**

Siggeir kynnti örstutt stöðu á fyrirhugaðri byggingu nýs leikskóla. Nefndin sem verið hefur að störfum hefur ákveðið staðsetningu á nýjum leikskóla og verið er að hefja vinnu við að útfæra leikskóla á þeim stað.

Þeir dagskrárliðir sem eftir voru er frestað til næsta fundar fræðslunefndar.

**Fleira ekki gert**

**Fundi slitið kl 18:10**